

SÍMON

Aðalfundur 03.11.2007

Aðalfundur SÍMON-ar, Samtök Íslendinga í München og Nágrenni, haldinn á Scheiddegger, Bauerstrasse 16, München.

1. Kosning fundarstjóra

Sigurmundur Guðjónsson bauð sig fram sem fundarstjóra og samþykkti fundurinn hann samhljóða.

2. Annáll formanns

Formaður félagsins, Ögmundur Petersson, fór yfir starfsemi félagsins síðastliðið ár. Mikið var um að vera á árinu, m.a. var farið í gönguferð, skíðaferð og glæsilegt þorablót haldið. Í bland við skemmtilegan annál fór formaður einnig með gamanmál til að létta stemmninguna enn frekar í salnum.

Formaður fór yfir mannabreytingar í stjórninni sem urðu á árinu þegar Indriði Einarsson ritari flutti til Berlínar. Settur vefstjóri félagsins, Brynjar Óskarsson, tók við hans hlutverki með skömmum fyrirvara og var honum sérstaklega þakkað fyrir það.

3. Ársreikningur kynntur

Gjaldkeri félagsins, Davíð Þór Tryggvason, kynnti ársreikning félagsins. Það sem helst stóð uppúr var að innkoma var ákaflega lítil á meðan útgjöldin voru heldur mikil. Mikil umræða skapaðist um þorablótið sem þótti hafa kostað of mikið. Gjaldkerfi fór nákvæmlega yfir kostnaðaraliði þorablótsins. Kom í ljós kostnaður uppá nokkur hundruð evra sem hefði mátt komast hjá með betri skipulagninu. Heildarkostnaður við þorablótið var rúmar 3000 evrur og var tapið um það bil helmingur þeirrar upphæðar.

Í ljósi þess að félagsmönnum hefur fækkað verulega undanfarin ár og að félagsgjöld þeirra sem eftir eru duga var fyrir einum umgangi af bjór, var ákveðið að leggja niður fjárhagshlið félagsins. Það sem eftir stóð af sjóði ársins, 220 evrur, var notað til að kaupa mat og drykk á aðalfundinum. Gjaldkeri skilaði því félaginu á núlli.

Í lok kynningar gjaldkera voru honum þokkuð vel unnin störf og var hann leystur formlega frá störfum.

4. Matarhlé

Þegar hér var komið við sögu komu girnilegar veitingar á borðið. Fundarstjóri lagði til að tekin yrði stutt hlé og var það samþykkt af fundinum.

5. Lagabreytingar

Formaður hóf upp raust sína og hóf umræðu um lagabreytingar.

Nokkrar umræður sköpuðust um lög félagsins sem hafa ekki sést í mörg ár. Pál Eggerz rak minni til að félagið hefði átt lög, en þau hafa ekki sést að minnsat kosti undanfarin 5 ár skv. formanni og geta því þau vart talist tæk lengur, enda ákaflega erfitt að starfa eftir lögum sem eru ekki aðgengileg.

Á síðasta aðalfundi voru kynnt drög að lögum sem voru sett samæn af tveimur félagsmönnum. Þá var samþykkt að lögin skyldu liggja frammi til þess að félagsmenn gætu gert athugasemdir við þau. Engar athugasemdir höfðu borist stjórn fyrir þennan aðalfund.

Formaður tilkynnti að ekkert þorablót yrði haldið á vegum félagsins árið 2008 enda væru engar forsendur fyrir því lengur vegna fólksfæðar og peningaskorts.

Formaður fór einnig yfir þær forsendur sem liggja að baki því að fjárhagsleg hlið félagsins verður lögð niður, sjá nánar í liði 3 hér að ofan. Þar sem enginn fjárhagshlið verður næsta árið, þá er embætti gjaldkera sjálfhætt og verður því stjórninn aðeins mönnum tveimur næsta

starfsárið.

Ljóst var að nokkrar breytingar þarf að gera á drögnum að lögunum eftir þær breytingar að fjárhagshlið félagsins verður lögð niður og ekkert þorrablót verður haldið. Stjórninni var falið það verkefni að yfirfara drögin og birta þau á vefsíðu félagsins svo félagsmem geti skoðað þau og komið með athugasemdir fyrir næsta aðalfund. Stefnt er að því að lögin verðir samþykkt á aðalfundi 2008 ef ekki berast alvarlegar skriflegar athugasemdir.

6. Kosningar í embætti

Fundarstjóri ákvað að byrjað yrði að kjósa um formannsembættið. Starfandi formaður bauð sig fram til áframhaldandi setu. Engin mótframboð bárust og var hann endurkjörinn með lófataki og var skálað honum til heiðurs.

Því næst var kosið um ritara/vefstjóra embættið. Starfandi ritari/vefstjóri bauðst til að halda starfinu áfram, en með þeim fyrirvara að hann yrði hugsanlega ekki lengur í borginni nema fram á næsta sumar. Kristín Guðlaugsdóttir bauðst þá til að taka við starfinu frá og með þeim tíma þegar starfandi ritari myndi yfirgefa embættið. Ekkert mótframboð barst og var þessi tilhögun samþykkt með dynjandi lófaklappi.

Ný stjórn er þá skipuð af eftirfarandi:

Formaður: Ögmundur Petersson

Ritari/vefstjóri: Brynjar Óskarsson.

7. Önnur mál

Formaður hóf umræðuna á ný. Ákveðið var að hafa stammtisch í sama formi og síðasta ár, þ.e. hittast fyrsta föstudag eða fyrsta laugardag í mánuði og fara milli mismunandi staða í hvert sinn.

Smá umræður sköpuðust um ferðir félagsins sem hafa þótt vel heppnaðar. Kannaður var áhugi á frekari ferðum og var vel tekið í það.

Í framhaldinu tók ný stjórn við störfum og þeirri gömlu þökkuð vel unninn störf.

Fundarstjóri sleit svo fundinum og hlaut hann lófatak að launum fyrir vel unnin störf. Í kjölfarið voru svo sungin íslensk þjóðlög alveg þangað til kvörtun barst af efri hæð staðarins.